

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29.8.2017
Málsnr:	1708418
Bréfal:	3 okt.

Hafnarfjörður, 28. ágúst 2017

Til: Umhverfis- og skipulagsráðs Hafnarfjarðar

Efni: Hæð nýbyggingar við Óseyrarbraut 29

Í tengslum við fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á lóð okkar við Óseyrarbraut 29 óskar Klinka ehf. eftir undanþágu frá gildandi skipulagi vegna hæðar hússins. Til þess að húsið geti þjónað hlutverki sínu fyrir starfsemi Trefja ehf sem m.a. framleiðir og þjónustar báta, þá er nauðsynlegt að hæð hússins frá gólfí að mæni geti orðið allt að 14,7 m.

Vísað er í grein 2.4 í skilmálum deiliskipulags Suðurhafnar.

Á undanförnum árum hefur stærð báta sem Trefjar framleiðir og þjónustar farið vaxandi í takt við þarfir viðskiptavina. Einnig hefur Trefjar fest kaup á sérstakri bátalyftu sem mun enn frekar auka möguleika hafnarinnar til að veita báta- og skipaeigendum hagkvæman kost við að taka skip og báta á land. Þessi bátalyfta kallar á stærri hurðir á húsinu og þar með aukna hæð hússins. Þessi atriði hafa í för með sér að til þess að húsnaðið megi þjóna þörfum fyrirtækisins þá er nauðsynlegt að veitt verði ofangreind undanþága.

Virðingarfyllst,



Óskar Hafnfjörð Auðunsson



Þróstur Auðunsson